

Sent umhverfisráðuneytinu

Reykjavík, 09. febrúar 2004
2004010047/41-2
SB/hj

Breyting á friðlýsingu Herdísarvíkurfriðlands

Vísað er til bréfs umhverfisráðuneytisins dags. 20. janúar 2004 þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands á því að auglýsingu nr. 121/1988 um friðland í Herdísarvík verði breytt þannig að mögulegt verði að rannsaka og nýta jarðhita þann sem þar er að finna, nánar tiltekið í Brennisteinsfjöllum. Eigandi svæðisins, Háskóli Íslands, styður að rannsóknir verði gerðar á svæðinu og friðlýsingu breytt og leggur áherslu á að nýting svæðisins verði í sem bestu samræmi við vilja gefanda svæðisins, Einars Benediktsonar, sbr. bréf háskólarektors, Páls Skúlasonar, til umhverfisráðherra. Ekki fylgdu bréfi háskólarektors greinargerðir frá fagstofnunum og undirdeildum Háskóla Íslands (svo sem Líffræðistofnun og Jarð- og landafræðiskor) um verndar-, vísinda- og útivistargildi svæðisins ósnortins.

Með bréfi til umhverfisráðuneytisins dags. 20.05.03 lýsti Náttúrufræðistofnun Íslands afstöðu sinni til þess að veita Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur rannsóknaleyfi í Brennisteinsfjöllum til tíu ára. Stofnunin lagðist þá gegn því að slíkt rannsóknaleyfi – með tilheyrandi raski – yrði veitt og er enn sama sinnis enda friðun og útivist betri landnýtingin til langframa á þessu svæði en orkuvinnsla að mati stofnunarinnar.

Rökin eru m.a. eftirfarandi:

- Á svæðinu frá Reykjanesi að Þingvallavatni (vestra gosbeltinu) eru fimm sprungureinar sem kenndar eru við Reykjanes, Svartsengi, Krýsuvík, Brennisteinsfjöll og Hengil. Innan þeirra er mikil eldvirkni og háhitasvæði tilheyrir hverri rein. Brennisteinsfjöll eru eina sprungureinin og háhitasvæðið sem enn er að mestu er ósnortið – öllum hinum hefur verið raskað að meira eða minna leyti vegna jarðhitanýtingar.
- Í Brennisteinsfjöllum og nærliggjandi svæði eru einstakar gos- og jarðminjar, þar á meðal stakir eldgígar (t.d. gígurinn í Þríhnjúkum), gígaraðir, dyngjugígar, eldborgir og a.m.k. níu nútímahraun oft með

fallegum hrauntröðum og einstökum hraunfossum þar sem hraunin hafa flætt fram af fjöllum til suðurs.

- Lífríki fjallendisins ofan Herdísarvíkur hefur lítið verið kannað.
- Brennisteinsfjöll og svæðið þar í kring eru síðasta ósnortna víðernið á Reykjanesi þangað sem þéttbýlisbúar á SV-horninu o.fl. geta sótt afdrepp, innblástur og menntun – verðmæti ósnortinna útivistarsvæða sem þessa munu vafalítið aukast á næstu árum og áratugum.
- Umrætt svæði er nú þegar friðað að stærstum hluta innan Herdísarvíkurfriðlands. Í tillögum Umhverfisstofnunar að náttúruverndaráætlun 2004-2008 er lagt til að Herdísarvíkurfriðland verði stækkað verulega til vesturs og austurs til að tryggja vernd mikilvægra jarðminja og landslags. Tillaga Umhverfisstofnunar um friðun Brennisteinsfjalla var samhljóða tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands (Helgi Torfason og Ingvar Atli Sigurðsson. 2002. Verndun Jarðminja á Íslandi: Tillögur vegna náttúruverndaráætlunar 2002. NÍ – 0201, 47 bls.).
- Við upphaflega röksemdafærslu fyrir friðlýsingu lands Herdísarvíkur, sem einkum byggði á lífríki á láglandi og menningarminjum í Herdísarvík, hafa því best rök sem byggja á afar merktum jarðminjum og landslagi á hálandari hlutum Herdísarvíkurfriðlands.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki lítið úr gildi rannsókna en bendir á að fyrirhugaðar jarðhitarannsóknir í Brennisteinsfjöllum, eins og þeim er lýst í greinargerð, munu skaða náttúruvænjar og ímynd hins ósnortna svæðis verulega. Við fyrirhugaðar rannsóknir, sem byggja á borunum, þarf að leggja vegi og slóða um úfin nútímahraun inn á svæðið, byggja 2–3 borplön (hvert um sig u.þ.b. 1 ha), bora eftir grunnvatni til skolonar því ekkert yfirborðsvatn er á svæðinu, farga skolvatni, flytja inn eða taka efni úr gígum og hraunum á svæðinu til ofaniburðar og byggingar borpalla. Ef virkjanlegur jarðhiti finnst er stefnt að því að fjölnýta svæðið svipað og gert er í Svartsengi og á Nesjavöllum til framleiðslu á rafmagni, hitaveituvatni, grunnvatni, iðnaðargufu og til útivistar. Slík fjölnýting kallar á enn meiri mannvirki svo sem varanlega vegi og byggingar, hitaveituleiðslur og raflínur.

Að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands hafa Brennisteinsfjöll og nærliggjandi svæði mikið verndargildi og eru til langs tíma mun verðmætari þjóðinni og þéttbýlinu á SV-landi ósnortin en sem fjölnýtt orkuvinnslusvæði. Í því sambandi má benda á að innan seilingar verða a.m.k. þrjú fjölnýtt orkuvinnslusvæði, þ.e. Svartsengi, Nesjavellir og Hengilssvæðið.

Eftir jarðhitarannsóknir, eins og fyrirhugaðar eru í Brennisteinsfjöllum, verður svæðið ekki lengur ósnortið og forsendur fyrir frekari vernd þess breyttar að sama skapi. Rannsóknaleyfi jafngildir því stefnumörkun um framtíðarnýtingu. Þessvegna er brýnt, áður en farið er í að breyta friðlýsingu Herdísarvíkurfriðlands, að umhverfisyfirvöld marki stefnu um framtíð svæðisins m.a. hvort ástæða sé til að taka frá og friða a.m.k. eina sprungurein og háhitasvæði í vestra gosbeltinu. Í samtölum Náttúrufræðistofnunar Íslands og umhverfisráðuneytis haustið 2003 í aðdraganda að gerð þingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun 2004–2008 var spurt um forsendur fyrir vali á jarðfræðisvæðum á Reykjanesi – m.a. hvers vegna ákveðið hefði verið að velja Reykjanes fremur en Brennisteinsfjöll. Í svari ráðuneytisins kom m.a. fram að orkuvinnsla í Brennisteinsfjöllum væri framtíðarmál og nægur tími til ákvarðanatöku varðandi landnýtingu þar. Í ljósi þessa telur Náttúrufræðistofnun

Íslands ekki tímabært að breyta friðlýsingu Herðisarvíkurfriðlands í þá veru að leyfa umræddar jarðhitarannsóknir.

Virðingarfyllt

Jón Gunnar Ottósson,
forstjóri



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS